

Utkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Konungsbrjef um setning alþingis, undirskrifað af konungi 17. maí 1901. (A. nr. 5, bls. 10—11).

Konungsbrjef um lenging alþingistímans, undirskrifað af konungi s. d. (A. nr. 6, bls. 12—13).

Bodskapur konungs til alþingis, undirskrifaður af konungi s. d. (A. nr. 7, bls. 14—15).

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 23. s. m. (A. nr. 8, bls. 16—17).

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um sölu á 73 kirkjueign. — Ráðgjafinn fyrir Íslandi hefir í brjefi, dagsettu 27. f. m., skýrt mjer 23. júlí. frá, að hans hátígn konunginum hafi 18. s. m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki til þess, að heiðarlandið Grímstunguheiði með hálfum Lamba- tungum, sem heyrir undir Undirfellsprestakall í Húnavatnsprófastsdæmi, verði seld Áss- og Sveinstaðahreppum frá prestakallinu fyrir 1700 kr., sem ávaxtist og afborgist á 28 árum með alls 6% eða 102 kr. um árið, og eru hjeraf vext- ir 4% af þeim hluta kaupverðsins, sem á hverjum tíma er óborgaður, en hitt afborgun. Ennfremur er það skilyrði sett, að jafnótt og kaupverðið er greitt, skuli það sett á vöxtu í Söfnunarsjóð Íslands sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, og að 3 krónur af vöxtunum árlega leggist við höfuð- stólinn, en að öðru leyti njóti beneficiarius vaxtanna, og að nefnt heiðarland framvegis verði skoðað sem bændaæign, að því er alla skatta og skyldur snertir.

Þetta er yður, herra amtmaður, og yður, herra biskup, með skírskotun til brjefs yðar 18. oktbr. f. á., hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um presta- 74 kallslán (Bjarnaness). — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og 30. júlí. yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu 19. þ. m., og beiðni hlutadeiganda, vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess, að presturinn að Bjarnanesi, síra Þorsteinn Benediktsson, taki 800 kr. embættislán upp á prestakallið, sumpart til húsabóta og sumpart til jarðabóta á prestssetrinu, eptir því sem nánara er tiltekið í nefndu brjefi yðar, og er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að einungis helm- ingur lánsins megi takast nú þegar, en hinn helmingurinn, 200 kr. í einu, jafn- ótt og samsvarandi jarðabætur verða unnar hjereptir, og sannað er á fullnægj- andi hátt, að vel sje frá þeim gengið og að þær sjeu að minnsta kosti 200 kr.

14. dag septembermánaðar 1901.